

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 109/1990. **Vatnsleysustrandarhreppur**

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

Byggingarsjóði ríkisins

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Lögveð. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1990. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða hreppnum 232.911 krónur með tilteknum vöxtum, þar með töldum hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987, frá 1. október 1989 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti eftir vaxtalögum. Loks gerir hann kröfu um viðurkenningu lögveðsréttar í Heiðargerði 11, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi með dráttarvöxtum.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Úrslit máls þessa ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 98/1990, sem upp var kveðinn fyrr í dag. Af ástæðum, sem þar eru greindar, verður í máli þessu svofellt

D ó m s o r ð:

Stefndi, Byggingarsjóður ríkisins, greiði áfrýjanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 232.911 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Viðurkenndur er lögveðsréttur áfrýjanda í fasteign stefnda,

Heiðargerði 11, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, til tryggingar 232.911 krónum með vöxtum eftir dómi þessum.

S é r a t k v æ ð i

Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Þegar það er virt, á hvern hátt áfrýjandi hefur lagt mál sitt fyrir dómstóla, og með hliðsjón af 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 4. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, 10. gr. reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að staðfesta beri hann, en málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Viðhorf mín í máli þessu ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í sératkvæði í máli nr. 98/1990, þar sem dómur var upp kveðinn fyrir í dag. Á forsendum, sem þar greinir, er ég samþýkkur niðurstöðu meiri hluta dómenda í máli þessu.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 13. desember 1989.

I.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl.

Stefnandi er Vatnsleysustrandarhreppur, kt. 670269-2649, Vogum, Gullbringusýslu.

Stefndi er Byggingarsjóður ríkisins, kt. 460169-2409, Laugavegi 77, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 232.911 auk [nánar tiltekinna vaxta svo og málskostnað].

Stefnandi gerir þá kröfu, að viðurkenndur verði lögveðsréttur til tryggingar dómkröfum í fasteigninni nr. 11 við Heiðargerði, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, sem er þinglýst eign stefnda.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda fullan málskostnað með söluskatti.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi til dómsuppsögu.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Málavextir eru þeir ... [sbr. dóm í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Guðjóni Hannessyni, bls. 627-628 að framan] ... lauk þann 24. ágúst 1987.

Stefnda var sendur reikningur, dags. 15. júlí 1987, þar sem hann var krafinn um B-gatnagerðargjald, eins og hér segir: „Stærð hússins Heiðargerðis 11 er 686 m³. Gjaldið að frádregnum 20% afslætti er alls kr. 232.911.

Reikningurinn óskast greiddur fyrir 24. júlí nk. Álagning B-gjalds til innheimtu í Vogum er kr. 27.877.447. Áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí 1987 er alls kr. 31.211.026. Sé greitt á réttum tíma, er veittur 10% staðgreiðsluafsláttur.“

Með úrskurði, dags. 7. júní 1988, ... [sbr. bls. 628-634 að framan]. ... Skilyrði 2. ml. 2. mgr. er fullnægt.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Byggingarsjóður ríkisins, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Stefnandi greiði stefnda kr. 30.000 í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.